

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1412*  
*komudagur 14. 2. 2008*

Heilbrigðisnefnd Alþingis.

Félag íslenskra sjúkraþjálfara

13.2.2008

**Umsögn um: Frumvarp til laga um flutning á útgáfu starfsleyfa til landlæknis, 351. mál, breyting ýmissa laga.**

Félag íslenskra sjúkraþjálfara þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Félagið gerir ekki efnislegar athugasemdir við texta frumvarpsins.

Félagið vill þó senda með sem fylgiskjal tillögur nefndar Sjúkraþjálfunarskorar HÍ og FÍSP um veitingu starfsleyfis og löggildingar sjúkraþjálfara sem lokið hafa námi erlendis. Við höfum talsverðar áhyggjur af framkvæmd þessa þar sem nám sjúkraþjálfara er mjög misjafnt milli landa. Unnin hefur verið mikil vinna innan Evrópuþeildar Sjúkraþjálfara til að kortleggja námið og mismun náms milli landa. Við treystum því að við flutning þessa verkefnis til Landlæknisembættisins muni verða unnið faglega að mati á námi þeirra sem sækja um íslenskt starfsleyfi, þetta á við 2. og 3. gr. Laga um sjúkraþjálfun.

Fyrir hönd stjórnar FÍSP

---

Héðinn Jónsson

## **Umsóknir um löggildingu sjúkraþjálfara sem lokið hafa námi erlendis. Tillögur nefndarinnar um umsóknarferlið**

Umsókn er send heilbrigðis – og tryggingamálaráðuneytisinu. Starfsmenn ráðuneytisins fara eftir tékklista til að ganga úr skugga um að öll gögn fylgi umsókninni. Þegar öll gögn liggja fyrir er umsóknin send til sjúkraþjálfunarkorar til umsagnar.

### **Tékklisti fyrir starfsfólk heilbrigðisráðuneytisins**

- Upplýsingar á íslensku eða ensku liggi fyrir um menntun umsækjanda og þann skóla sem hann útskrifaðist frá.
- Gögn um að umsækjandi hafi löggildingu sjúkraþjálfara í landinu sem hann kemur frá
- Gangi þarf úr skugga um að öll gögn séu ófölsuð.
- Umsækjanda og væntanlegum atvinnurekanda skal gert ljóst að umsækjandi má ekki hefja störf fyrr en starfsleyfi hefur verið veitt.

### **Rammareglur sem farið er eftir við mat á umsóknum sem berast frá sjúkraþjálfurum með menntun innan Evrópusambandsins**

Tveggja til þriggja manna nefnd fer yfir umsóknirnar þegar þær berast og mun heilbrigðisráðuneytið greiða fyrir þá vinnu.

1. Ef mikill munur er á menntun umsækjanda og íslenskrar menntunnar í sjúkraþjálfun fær umsækjandi ekki löggildingu. Það á einnig við, ef nám í sjúkraþjálfun í upprunalandinu er á lægra skólastigi (ekki á háskólastigi) en námið hér á landi þó að það sé ekki munur á innihaldslýsingu á náminu. Í báðum tilvikum er umsækjanda gefinn kostur á að taka próf eða vinna aðlögunartíma.

Kjósi hann að taka próf, skal sjúkraþjálfunarskor skipuleggja það að ósk heilbrigðisráðuneytis enda mun ráðuneytið greiða fyrir þá vinnu sem þarf við undirbúning á svo viðamiklu prófi. Umsækjendur munu síðan sjálfir greiða fyrir próftökuna. Prófið sé bæði skriflegt og verklegt. Skriflegi hlutinn skal innihalda verkefni eða spurningar sem reyna á fagþekkingu og klíníska rökhugsun (t.d. með því að nota dæmi um sjúklinga með ákveðin einkenni). Verklegi hlutinn sé í sama formi og lokaklíník sem nemendur í sjúkraþjálfun Háskóla Íslands þreyta, með tilheyrandi undirbúningstíma og prófdómurum.

Velji umsækjandi hins vegar að vinna aðlögunartíma skal Heilbrigðisráðuneytið vera með samning við ákveðnar stofnanir (s.s. LSH og/eða Reykjalund) um að

umsækjandur geti unnið slík tímabil hjá þeim. Stofnanirnar verða að hafa reynslu af að taka nema og hafa á að skipa reyndum verkmenntunarkennurum.

Umsækjandi skal sjálfur sjá um að útvega sér pláss á þessum stofnunum. Þessi tímabil verða síðan eins og verkmenntunartímabil hjá 4 árs nemum í sjúkraþjálfum Háskóla Íslands. Ákveðinn verkmenntunarkennari er þeim til leiðbeiningar en krafist er sjálfstæðra vinnubragða. Verkmenntunarkennarinn metur færni þeirra í starfi á tímabilinu. Aðlögunartíminn getur verið mislangur eftir eðli umsókna en gæti numið allt að 3 árum. Ef um er að ræða mjög langt tímabil þarf það að vera í öðru formi s.s. með reglulegri handleiðslu.

Standist umsækjandi ekki aðlögunartímabilið, skal lengja það eða gera kröfur um að umsækjandi taki ákveðin námskeið til að bæta færni sína í starfi.

2. Vanti ákveðin námskeið í grunnnám umsækjanda sem talin eru nauðsynleg til að hann geti starfað við sjúkraþjálfun í landinu má krefjast að hann taki próf í þeim hlutum/námsgreinum sem á vantar. Óski hann að sitja slík námskeið innan háskólans skal hann sækja um það sjálfur.
3. Umsækjandi þarf að sýna fram á einhverja kunnáttu í íslensku. Hvort sem krafist er námskeiðs eða prófs er ákvörðun ráðuneytisins.
4. Umsækjandi þarf að sýna fram á þekkingu eða sækja námskeið um íslenska heilbrigðiskerfið.

### **Rammareglur sem farið eftir þegar farið er yfir umsóknir sem berast frá sjúkraþjálfurum utan Evrópusambandsins**

Nefndin setur fram tillögu um að allir taki prófið sbr. lið 1 í umfjöllun um umsækjendur frá Evrópusambandinu.

Björg Guðjónsdóttir  
Ella Kolbrún Kristinsdóttir  
Mundína Á. Kristinsdóttir